

Fundur í Skólaráði Myllubakkaskóla mánudaginn 12. apríl 2010 kl. 16:00

Mætt: Brynja Árnadóttir skólastjóri, Steinar Jóhannsson aðstoðarskólastjóri, Gísli B. Gunnarsson og Ingólfur H. Matthíasson fulltrúar kennara, Júlíus Friðriksson, Hrefna Höskuldsdóttir og Hrafnhildur Ólafsdóttir fulltrúar foreldra. Fulltrúi starfsmanna og fulltrúar nemenda mættu ekki.

Brynja gerir athugasemd við síðustu fundargerð. Þar stóð að sérkennslan hafi minnkað en átti að vera **fjármagn til sérkennslu** hafi minnkað. Leiðréttist það hér með.

Brynja kynnti og fór yfir skóladagatal fyrir skólaárið 2010 -2011. Eftir að hafa fengið svör við þeim spurningum sem komu fram samþykkti ráðið skóladagatalið.

Hrafnhildur lagði til að sendar yrðu þakkir til lögreglu fyrir viðveru og sýnileika við skólann, þegar nemendur og starfsfólk mætir til starfa. Fundarmönnum þótti hugmyndin góð enda er aldrei of oft vakin athygli á því sem er vel gert í samfélaginu. Hrafnhildur tók að sér að skrifa bréfið.

Hrafnhildur nefndi að foreldrum sem sáu um hátíðarkvöldverð 10. bekkjar hafi þótt skorta á samband milli foreldra annars vegar og skólans hinsvegar við undirbúning kvöldsins. Í umræðum kom í ljós að til er mappa hjá foreldrafélaginu með gögnum sem eiga að auðvelda undirbúninginn. Sú nefnd sem sá um kvöldverðinn í mars s.l. vissi ekki af þeirri möppu. Ráðinu þykir æskilegt að þegar fer að líða að þessum atburði haldi umsjónarkennarar 10. bekkjar fund með foreldrum bekkjarins til að hjálpa þeim við fyrstu skrefnin í undirbúningnum.

Brynja tók fram að hátíðarkvöldverðurinn hafi verið ánægulegur og tekist mjög vel. Tóku fulltrúar kennara undir það.

Árshátíð skólans var í marslok og tókst mjög vel.

Rétt fyrir páska fóru nemendur 9. bekkjar að Laugum í Særlingsdal ásamt umsjónarkennurum. Ferðin tókst vel og voru nemendurnir skólanum til sóma.

Nemendur 10. bekkjar hafa verið með gæslu á skólalóð í vetur. Hefur það gefist vel.

Næsti fundur ákveðinn mánudaginn 31. maí kl. 16:00

Gísli B. Gunnarsson skrifaði fundargerð.